

101
3. maí

L Ö G

um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar í Hnífsdal eru þessi:

Að innanverðu suðurtakmörk bryggjulóðarinnar í Skeljavík, að ofan landamerki Bakkalands og þaðan stefna á Traðargil, en að utanverðu bein lína á land upp frá Skarfaskeri.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 20 19. júní 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaltuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

102
3. maí

L Ö G

um viðauka við lög nr. 24 frá 7. maí 1928, um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um:

1. Eftirlit með fermingu, affermingu og annari afgreiðslu skipa hér við land, til verndar lífi og heilsu verkamanna, sem að því starfi vinna, og annara. Skal eftirlitið meðal annars ná til véla og annara tækja, sem notuð eru við